

***BORGARSTJÓRN 12. maí 2020: Tillaga Nadiu Lóu Atladóttur, fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða - R20050127***

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að bjóða nemendum í grunnskólum Reykjavíkur aukna fræðslu um fólk á flóttu og stöðu þeirra í íslensku samfélagi, eigi síðar en haustið 2020.

**Greinargerð:**

Eins og staðan er í dag er lítil sem engin þekking á málefnum og aðstæðum fólks á flóttu hjá ungmennum og samfélaginu í heild. Það er mikilvægt að vita hvernig er tekið á móti fólki á flóttu og hvernig það ferli gengur fyrir sig. Það er gagnlegt fyrir ungmenni að þekkja mismunandi menningarheima. Ungmennaráð Laugardals, Háaleitis og Bústaða leggur til að aukin fræðsla um fólk á flóttu verði sett í námskrá grunnskóla sem mun þá sporna gegn fordómum og óréttlæti ásamt því að leyfa nemendum að heyra reynslusögur frá fólki á flóttu.